



Fundargerð

458. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Fimmtudaginn 8. október 2020, kl. 15.00.

Fundarstaður: Fundurinn er fjarfundur.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Ingimar Ingimarsson (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Eitt mál barst og var samþykkt að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Samþykkt samhljóða.

Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

1. 456. og 457. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps.

Farið yfir fundargerðirnar. *Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu frestar sveitarstjórn fyrirhuguðum íbúafundi fram í nóvember. Samþykkt samhljóða.*
Sveitarstjórn samþykkir stofnun stýrihóps um slökkvistöð í Flatey. Samþykkt samhljóða.

2. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd, 10. september 2020.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 2004013 - Endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps

Sveitarstjórn staðfestir bókun nefndarinnar.

2.2 1903004 - Vindorka í Garpsdal, breyting á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

3. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd, 1. október 2020.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

3.1 2001008 - Sjóvarnir í Flatey, breytt framkvæmd.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

3.2 2010009 - Stekkjarlundur 5, umsókn um stöðuleyfi fyrir gám.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

3.3 2010010 - Skálanes stofnun lóðar undir vegsvæði.

Sveitarstjórn samþykkir stofnun lóðarinnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

4. Fundur í stýrihóp um byggingu slökkvistöðvar í Flatey, 21. september 2020.

JÖE og II fóru yfir fundargerðina.

Fundargerðin lögð fram og staðfest.

5. Fundur í stýrihóp um heilsueflandi samfélag, 24. september 2020.

JÖE fór yfir fundargerðina.

5.1 2010011 - Umsóknir um fjárveitingu til stýrihóps um heilsueflandi samfélag.

Sveitastjórn vísar tillögum varðandi störf stýrihóps um heilsueflandi samfélag í gerð fjárhagsáætlunar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

Mál til afgreiðslu

1. 2007001 - Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2021-2024, fyrri umræða.

Lögð er fram fjárhagsáætlun Reykhólahrepps til fyrri umræðu. Sveitarstjórn vísar fjárhagsáætlun til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.

2. 2003004 - Covid-19 varúðarráðstafanir.

Rætt var um aðstæður í þjóðfélaginu þessa dagana vegna aukinnar smithættu af völdum Covid-19. Enn og aftur hafa stofnanir sveitarfélagsins gert ráðstafanir.

Sveitarstjórn hvetur starfsfólk sitt og íbúa alla að fara ekki í ferðalög á áhættusvæði og reyna að takmarka ferðir á smituð svæði eins og mögulegt er og gæta að persónulegum sóttvörnum.

3. 2010001 - Lóðarleigusamningur Hólatröð 5, 7 og 9.

Lagður er fram lóðarleigusamningur vegna Hólatræðar 5 - 9 til handa Reykhólum hses. kt 500320-0870. Um er að ræða 1348 m² lóð.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða.

4. 2010002 - Húsnæði undir verslunarrekstur.

Sveitarstjórn samþykkir að verslunarhúsnæði að Hellisbraut 72 verði auglýst til leigu undir verslunarrekstur frá og með næstu mánaðamótum. Samþykkt samhljóða.

5. 2010003 - Samþykkt um stjórn Reykhólahrepps, breyting, fyrri umræða.

Lagðar eru fram breytingar á samþykkt um stjórn Reykhólahrepps. Sveitarstjórn vísar samþykkt til síðari umræðu.

6. 2010004 - Haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga 9. -10. október 2020.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps mun senda fulltrúa á þingið. EDBJ, II og JÖE mæta á þingið fh. sveitarfélagsins.

7. 2010005 - Afurðarverð til sauðfjárbænda ályktun.

Sveitarstjórnir Húnaþings vestra, Dalabyggðar, Strandabyggðar og Reykhólahrepps lýsa yfir þungum áhyggjum af lágu afurðaverði til sauðfjárbænda og þeim seinagangi sem var við birtingu afurðastöðvaverðs haustið 2020. Sauðfjárrækt er stærsta búgrein þessara sveitarfélaga og mikilvæg forsenda búsetu í dreifbýli sveitarfélaganna en í þessum sveitarfélögum var rúmlega 21% af framleiðslu kindakjöts árið 2019. Á undanförunum árum hafa orðið ábúendaskipti á nokkrum bújörðum í sveitarfélögunum og yngra fólk með fjölskyldur tekið við. Þeim fylgja börn á skólaaldri og styðja þessar fjölskyldur þannig við þá þjónustu sem sveitarfélögin veita ásamt því að halda uppi atvinnustigi á svæðinu.

Líkt og í öðrum rekstri er mikilvægt að sauðfjárbændur fái sanngjarnt verð fyrir sína vöru og hafi þannig forsendur til áætlanagerðar og ákvarðanatöku. Sveitarstjórnirnar skora því á afurðastöðvar að gefa út afurðaverð 2021 fyrir komandi áramót.

Samkvæmt samantekt Landssamtaka sauðfjárbænda var afurðaverð til íslenskra sauðfjárbænda á síðasta ári það lægsta sem finnst í Evrópu og miðað við nýbirtar verðskrár 2020 er vegið meðalverð 502 kr/kg. Hefði afurðaverð fylgt almennri verðlagsþróun frá 2014 ætti það að vera 690 kr/kg. Því vantar enn tæpar 200 kr/kg uppá afurðastöðvaverð og það gengur ekki upp til lengdar að greiða verð undir framleiðslukostnaði.

Í heimsfaraldri vegna COVID-19 fengu Íslendingar góða áminningu um mikilvægi innlendar matvælaframleiðslu og nauðsynlegt er að styðja vel við hana. Það er ekki síður mikilvægt fyrir landbúnaðarhéruð eins og Húnaþing vestra, Dalabyggð, Strandabyggð og Reykhólahrepp að sauðfjárbændur fái sanngjarnt verð fyrir sína framleiðslu.

Samþykkt af sveitarstjórn.

8. 2009007 - Stytting vinnuvikunnar.

Lagt fram erindi sveitarstjóra varðandi skipun vinnutímanefndar í tengslum við styttingu vinnutímans í flestum kjarasamningum.

Tillaga að vinnutímanefnd;

- Guðrún Guðmundsdóttir skrifstofustjóri
- Anna Björg Ingadóttir grunnskólastjóri
- Sonja Dröfn Helgadóttir leikskólastjóri
- Katla Tryggvadóttir vaktaskipulag Barmahlíð
- Ingimar Ingimarsson sveitarstjórnarfulltrúi

Nefndin kalli til sín trúnaðarmenn innan stofnanna sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

Mál til kynningar

1. 2010010 - Úrskurður um kæru á framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðavegi 60 milli Bjarkalundar og Skálaness.

KK lagði fram eftirfarandi bókun;

Vegagerðin með stjórnvöld á bak við sig fer sínu fram sama hvað hver segir, sama hvað líður umhverfismati framkvæmdarinnar, verndarákvæðum náttúruverndarlaga og alþjóðlegum sáttmálum. Fordómar og virðingarleysi gagnvart umhverfismálum og náttúruvernd eru ríkjandi viðhorf, lagaumhverfið og leikreglurnar eru mótuð af þeim hugsunarhætti. Fordómar og virðingarleysi eru líka viðhorfin gagnvart minni samfélögum og litlum byggðakjörnum í dreifbýlinu eins og Reykhólaþorpi. Þar fækkar nú fólki hratt og byggðin veikist, börnum í grunnskólanum fækkaði úr 44 í 35 á síðasta ári og versluninni og veitingastaðnum var lokað núna um mánaðarmótin. Framtíðarhagsmunir veikrar byggðar við innanverðan Breiðafjörð vega ekki þungt í þessu máli.

Sveitarfélagið var ekki beitt „ólögmætum þvingunum“ af hálfu Vegagerðarinnar að mati Úrskurðarnefndarinnar þó það hafi bara átt val um eina leið, Teigsskógsleiðina. Hlutverk sveitarstjórnar er alveg skýrt að mati Uua að henni beri að gera það sem fyrir hana er lagt af hálfu raunverulegra valdhafa. Henni leyfist þó enn að mati úrskurðaraðila að tjá óánægju sína með að vera stillt upp við vegg af ríkisvaldinu og hafa enga raunverulega stöðu til að gæta hagsmuna umhverfis og samfélags í sveitarfélaginu.

II lagði fram eftirfarandi bókun;

Undirritaður tekur undir bókun KK og lýsir yfir miklum vonbrigðum með úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála (ÚUA) vegna kærumála um Vestfjarðarveg 60. Umhverfisvernd og þorpið á Reykhólum urðu undir í niðurstöðu þessarar ráðherraskipuðu stjórnsýslunefndar. Hvorki vegagerðin, sveitarstjórnarmenn sem samþykktu Þ-H leið né ÚUA hafa sýnt fram á brýna nauðsyn þess að fara Þ-H leið umfram aðra leiðir. Það er ljóst að stjórnsýslan hefur sagt sitt og nú má gera ráð fyrir því að málið endi fyrir dómstólum.

2. 2009014 - Frumvarp til laga um br. á stj. fiskveiða (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

Lagðar fram innsendar athugasemdir/sjónarmið Reykhólahrepps.

3. 2001009 - Leikskólalóð.

Lagðar fram teikningar í vinnslu frá Landmótun sem hafa verið kynntar starfsfólki skólans.

4. 2010007 - Athugasemdir við kynningarfund Breiðafjarðarnefndar.

Lagt fram.

5. 2010008 - Fundargerð aðalfundar Bata- og hlunnindasýningarinnar ehf. 2020.

Fundargerð lögð fram og kynnt.

6. 2009017 - Fundargerð aðalfundar Þaraklausturs ehf. 22. september 2020.

Fundargerð barst ekki í tæka tíð.

7. 2005026 - Fundargerð 28. og 29. stjórnarfunda Vestfjarðastofu.

Fundargerðir lagðar fram og kynntar.

8. 2005027 - 887. og 888. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerðir lagðar fram og kynntar.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin

1. Erindi frá Kristni Bergsveinssyni.

*Sveitarstjórn samþykkir að funda með Kristni ásamt lögræðingi hans.
Samþykkt samhljóða.*

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 17:30

_____	_____
_____	_____
_____	_____